

## Minnisblað

### Aðgerðir ÍBR gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþróttastarfi

Í tengslum við #metoo, í upphafi árs 2018, myndaði Íþróttabandalag Reykjavíkur aðgerðarhóp til að vinna gegn ofbeldi í íþróttum. Aðgerðarhópurinn, síðar siðamálanefnd ÍBR, hefur unnið náið með mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og ÍTR að aðgerðum sem getið er um hér á eftir. Til hliðsjónar var Stefna í íþróttamálum í Reykjavík, 2012-2020, kaflinn um jafnrétti og siðamál og tillögur hóps mennta- og menningarmálaráðuneytis um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi, þá sérstaklega horft til tillagna sem lúta að sveitarfélögum.

Hvað er búið að gera:

1. Jafnréttisstefna og aðgerðaráætlun send til íþróttafélaga sumarið 2018, fylgt eftir haustið 2018.
2. Ráðstefnan í janúar um kynferðislegt ofbeldi í íþróttum í samstarfi við RVK, MRN, ÍSÍ og UMFÍ.
3. Skýrsla starfshóps um fjölmenningsfræðslu, mars 2019.
4. TUFF, vinnuhópur Rvk, ÍTR, ÍBR, þjónustumiðstöðvar um innleiðingu TUFF í Breiðholti og Vesturbæ
5. Siðamálanefnd ÍBR, skipuð í apríl 2019 úr stjórn ÍBR.
6. Erindi vísað til laganefndar ÍBR um hvort að aðildarfélög og einstaklingar innan aðildarfélaga geti sótt um styrk til ÍBR til að standa straum af kostnaði við, sérfræðing/lögfræðing.
7. Fundur með ÍTR, 16. maí þar sem kynnt var sú vinna sem er í gangi gagnvart íþróttafélögunum.

Hvað er í vinnslu:

1. Eyðublað til að skrá niður tilkynningar og halda utan um mál. Einnig til að fá yfirsýn yfir fjölda (öll mál, einelti og ofbeldi).
2. Verkferlar fyrir íþróttafélög til að bregðast við áreitni og ofbeldi. Unnið í samvinnu við ÍTR og RVK. *(Fyrirmyndin er norskur bæklingur, „Sexual Harassment and abuse in Sport“)*

Hverju er stefnt að 2019-2021:

1. Mikilvægt að starfsmaður/samskiptafulltrúi innan ÍBR fylgi jafnréttis- og siðamálum eftir. Félagin fái aðstoð og aðlögunartíma við að innleiða jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun,

- siðareglur, hegðunarviðmið, verklagsreglur og að koma upp tengiliðum og fylgi eftir með fræðslu inn í félögin.
- Fræðsla, fylgja eftir útgáfu á verkferlum með fræðslu, 2019-2020.
  - Setja formlega á fót faghóp til að geta vísað aðildarfélögum og iðkendum á fagaðila við úrlausn mála. Skýr skilaboð að aðildarfélög eiga ekki að leysa úr málum sjálf (einnig er hægt að leita til heilsugæslu eða þjónustumiðstöð)
  - Ráðningasamningar: (Starfsmenn, þjálfara, iðkendum).
    - Krafa um hreint sakavottorð þarf að vera í öllum starfsauglýsingum, íþróttahreyfingin er hvött til þess að kanna meðmæli og óska eftir umsögn frá fyrri vinnuveitendum og fá heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá.
    - Hvetja félög til að setja siðareglur og hegðunarviðmið inn í samninga við þjálfara og fá meðmæli. Útbúa skapalón og hafa á heimasíðunni.
  - Námskeið í að bregðast við fyrir tengiliði félaga. Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félagsráðgjafafélagi Íslands voru með svona námskeið og eru tilbúin til að bjóða uppá þau aftur
  - Tillögur um að skilyrða fjárveitingar inn í samstarfssamning Rvk og íþróttfélaga ÍBR. Öll íþróttfélög eiga að hafa og samþætta inn í allt starf: jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun, siðareglur, hegðunarviðmið, verkferla, tengilið sem getur tekið við tilkynningum um mál eða grun um mál (*fyrirmynd frá Noregi*).
  - Stefna Reykjavíkur í íþróttamálum – Jafnrétti og siðamál. Setja inn ákvæði um öruggt íþróttumhverfi,

Meðfylgjandi er ítarefni um málefnið.

Reykjavík 18. júní 2019

Fyrir hönd Íþróttabandalags Reykjavíkur



Frímanna Ari Ferdinandsson

Framkvæmdastjóri

## Tillögur hóps mennta- og menningarmálaráðuneytis um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþróttá- og æskulýðsstarfi

3.4 Tillögur sem lúta að sveitarfélögum:

1. Sveitarfélög áskilji sér rétt til þess að skilyrða fjárveitingar til íþróttá- og æskulýðsfélaga við að félögin setji sér siðareglur og viðbragðsáætlanir.
2. Sveitarfélög stuðli að fræðslu þjálfara, starfsfólks og annarra sem koma að daglegu starfi félaganna um ofbeldi, kynferðislega áreitni, kynferðisofbeldi og hvernig bregðast eigi við því.
3. Með vísan til jafnréttissjónarmiða verði hnykkð á því að stjórnendur í íþróttá- og æskulýðsstarfi beri sérstaka ábyrgð á því að allt starf sé skipulagt með jafnrétti að leiðarljósi og þegar samningar verða endurnýjaðir verði sett inn ákvæði sem setja skyldur á félögin að hafa skýra og virka jafnréttis- og aðgerðaráætlun.
4. Sveitarfélög bjóði íþróttá- og æskulýðsfélögum aðstoð í formi fagþekkingar, bæði við gerð viðbragðsáætlunar og eftirfylgni og eins aðstoð við úrvinnslu mála, t.d. með því að bjóða fram fagfólk frá félagsþjónustu eða öðru stuðningskerfi.

### Stefna í íþróttamálum í Reykjavík 2012-2020

Jafnrétti og siðamál

Áherslur:

- Skerpa á ábyrgð þeirra sem veita börnum og almenningi þjónustu utan skólatíma.
- Tryggja jafnrétti og gagnkvæma virðingu allra sem að íþróttastarfi koma og sérstakt tillit verði tekið til minnihlutahópa.

Aðgerðir:

- Siðareglum verði komið á hjá öllum íþróttafélögum.
- Jafnréttisstefna verði mótuð og sett í framkvæmd hjá félögum ÍBR.
- Félögum verði reglulega boðið upp á fræðslu um hvernig má sporna gegn hvers konar ofbeldi, þ.m.t. kynferðisofbeldi og hvaða úrræði eru til staðar ef slík mál koma upp.
- ÍBR/ÍTR komi upp faghópi til að styðja við félögin við úrlausn erfiðra mála.

## Aðgerðir

### Jafnréttisstefna

Fundað var með hverfafélögum um jafnréttismál veturinn 2017-2018. Jafnréttisstefnan var endurskoðuð en búin til aðgerðaráætlun til að gera jafnréttisstefnuna skilvirkari. Sent til félagana í júní 2018 og félögin skiluðu jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun inn með starfsáætlunum haustið 2018. Í mars 2019 skilaði starfshópur um fjölmenningarfræðslu af sér skýrslu þar sem tillögur eru settar fram um hvernig hægt er að bæta móttöku nýrra iðkenda og þá sérstaklega einstaklinga af erlendum uppruna. Í maí 2019 tók vinnuhópur til starfa um innleiðingu TUFF í Breiðholti og Vesturbæ. Að hópnum standa, Rvk, ÍTR, ÍBR, þjónustumiðstöðvar og fulltrúar frá skólum á þessu svæði.

Með vísan til jafnréttissjónarmiða verði hnykk á því að stjórnendur í íþrótt- og æskulýðsstarfi beri sérstaka ábyrgð á því að allt starf sé skipulagt með jafnrétti að leiðarljósi og þegar samningar verða endurnýjaðir verði sett inn ákvæði sem setja skyldur á félögin að hafa skýra og virka jafnréttis- og aðgerðaráætlun. *(Tillögur hóps mennta- og menningarmálaráðuneytis um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi)*

Jafnréttisstefna verði mótuð og sett í framkvæmd hjá félögum ÍBR. *(Stefna í íþróttamálum í Reykjavík 2012-2020)*

### Fræðsla

Ráðstefnan um kynferðislegt ofbeldi í íþróttum var haldin 29. janúar og vinnustofa um sama málefni 30. janúar. Erlendir og innlendir sérfræðingar deildu reynslu sinni og fræðum. Verkefnið var unnið í samstarfi við RVK, MRN, ÍSÍ og UMFÍ.

ÍBR, í samvinnu við mannréttindaskrifstofu RVK og ÍTR, er að útbúa verkferla fyrir íþróttafélög til að bregðast við áreitni og ofbeldi. Fyrirmyndin er norski bæklinginn „Sexual Harassment and abuse in Sport“. Til hliðsjónar er einnig efni frá Æskulýðsvettvanginu og ÍSÍ. Stefnt er að því að fylgja verkferlunum eftir með fræðslu hjá félögunum 2019-2020.

Leitað hefur verið til Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd og Félagsráðgjafafélagi Íslands um að vera með námskeið þar sem farið verður í hvernig eigi að bregðast við ofbeldis málum fyrir tengiliði félaga.

Til að halda utan um mál og fá yfirsýn yfir fjölda þeirra var sérstakt eyðublað útbúið þar sem tilkynningar og samskipti eru skráð.

Sveitarfélög stuðli að fræðslu þjálfara, starfsfólks og annarra sem koma að daglegu starfi félaganna um ofbeldi, kynferðislega áreitni, kynferðisofbeldi og hvernig bregðast eigi við því. *(Tillögur hóps mennta- og menningarmálaráðuneytis um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi)*

Félögum verði reglulega boðið upp á fræðslu um hvernig má sporna gegn hvers konar ofbeldi, þ.m.t. kynferðisofbeldi og hvaða úrræði eru til staðar ef slík mál koma upp. *(Stefna í íþróttamálum í Reykjavík 2012-2020)*

### Aðstoð:

Unnið er að því að skipa faghóp til að geta vísað aðildarfélögum og iðkendum á fagaðila við úrlausn mála. Unnið verði að útlistun á hlutverki og vinnureglum um faghópinn. Nauðsynlegt er að fá sérfræðinga inn strax þegar ofbeldismál koma upp. Skýr skilaboð eru til aðildarfélaga að fá aðstoð við úrlausn mála. Hugmyndin er að hafa lögfræðing, félagsfræðing, sálfræðing, aðila frá Rvk og fulltrúa íþróttafélagana í faghópnum.

Í maí 2019 var erindi vísað til laganefndar ÍBR um hvort að aðildarfélög og einstaklingar innan aðildarfélaga geti sótt um styrk til ÍBR til að standa straum af kostnaði við, sérfræðing/lögfræðing ef upp koma mál sem þau þurfa aðstoð við.

Sveitarfélög bjóði íþrótt- og æskulýðsfélögum aðstoð í formi fagþekkingar, bæði við gerð viðbragðsáætlunar og eftirfylgni og eins aðstoð við úrvinnslu mála, t.d. með því að bjóða fram fagfólk frá félagsþjónustu eða öðru stuðningskerfi. *(Tillögur hóps mennta- og menningarmálaráðuneytis um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi).*

ÍBR/ÍTR komi upp faghópi til að styðja við félögin við úrlausn erfiðra mála. *(Stefna í íþróttamálum í Reykjavík 2012-2020).*

### **Stuðningur:**

Tillögur um að skilyrða fjárveitingar inn í samstarfssamning Rvk og íþróttfélaga ÍBR um að öll íþróttfélög eiga að hafa og samþætta inn í allt starf: jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun, siðareglur, hegðunarviðmið, verkferla og tengilið sem getur tekið við tilkynningum um mál eða grun um mál. Við undirbúning þessa ákvæðis verður horft til Noregs. Mikilvægt er að félögin fái aðlögunartíma og aðstoð við að innleiða jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun, siðareglur, hegðunarviðmið, verklagsreglur og að koma upp tengilið/um í ofbeldismálum. Aðstoðin felur í sér fræðslu til félaga og að ÍBR hafi samskiptafulltrúi sem hægt er að leita til og fylgi þessum málum eftir.

Setja inn í samstarfssamning Rvk og íþróttafélagana kröfu um ákveðið ferli við ráðningar starfsfólks. Ráðningarferli og samningar hjá Reykjavíkurborg verður haft til hliðsjónar. Að kanna meðmæli og óska eftir umsögn frá fyrri vinnuveitendum og fá heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá áður en skrifað er undir ráðningasamning. Á þetta við um alla starfsmenn og þjálfara. Einnig að hvetja félög til að setja siðareglur og hegðunarviðmið inn í samninga við starfsmenn og þjálfara. Gert verður skapalón af samningi og haft á heimasíðu ÍBR.

Setja inn í stefnu Reykjavíkur í íþróttamálum ákvæði um öruggt íþróttumhverfi.

Sveitarfélög áskilji sér rétt til þess að skilyrða fjárveitingar til íþrótt- og æskulýðsfélaga við að félögin setji sér siðareglur og viðbragðsáætlanir. *(Tillögur hóps mennta- og menningarmálaráðuneytis um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi)*